

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Desember 2022

Skráð atvinnuleysi í desember var 3,4%

Skráð atvinnuleysi í desember var 3,4% og jókst úr 3,3% í nóvember.

Að meðaltali voru 6.448 atvinnulausir í desember, 3.616 karlar og 2.832 konur. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 264 frá nóvember.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í desember eða 6,0% og jókst um 0,3 prósentustig frá nóvember. Hins vegar var atvinnuleysið 9,3% í desember 2021. Atvinnuleysi jókst alls staðar nema á Norðurlandi vestra þar sem það minnkaði um 0,2 prósentustig og var minnst á landinu eða 1,1%.

Alls komu inn 179 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í desember. Flest

auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 95 störf, önnur teljast almenn störf.


Í desember 2022 gaf Vinnumálastofnun út 303 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 234 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 177 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 126 leyfi voru framlengd.

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 39 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í desember 2022 með samtals 241 starfsmann.

Alls voru 3.243 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok desember.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi í janúar 2023 aukist og gæti orðið á bilinu 3,5% til 3,7%.

Próun atvinnuleysis des. 2020 til des. 2022




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í desember eða 6,0% og jókst um 0,3 prósentustig frá nóvember. Hins vegar var atvinnuleysið á Suðurnesjum 9,3% í desember 2021. Næst mest var atvinnuleysið 3,5% á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysi jókst alls staðar í desember nema á Norðurlandi vestra þar sem það minnkaði um 0,2 prósentustig.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 1,1% og á Vesturlandi, Vestfirðum og á Austurlandi var það næstmínst eða 2,2%. Á Norðurlandi eystra mældist atvinnuleysið 3,1% í desember og á Suðurlandi 2,6%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í nóvember og desember.


Almennt atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á fjórum svæðum, á höfuðborgarsvæðinu þar sem atvinnuleysi karla var 3,5% meðal karla og 3,4% meðal kvenna, á Vestfirðum þar sem það var 2,4% meðal karla og 1,9% meðal kvenna, á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla var 1,4% og atvinnuleysi kvenna 0,8% og á Austurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 2,3% og atvinnuleysi kvenna 2,1%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í desember.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 6.848 í lok desember, 3.784 karlar og 3.064 konur og fjölgaði atvinnulausum körlum um 205 frá nóvemberlokum og atvinnulausum konum fjölgaði um 64.

Alls voru 607 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok desember og fjölgaði um 42 frá nóvember. Í desember 2021 var fjöldi atvinnulausra á þessum aldri hins vegar 1.005.

Lengd á skrá

Alls höfðu 2.328 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok desember en voru 2.286 í lok nóvember og fjölgar um 42. Hins vegar voru þeir 3.802 í desemberlok 2021.

Þeir sem hafa verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru 972 í lok desember en 1.144 í lok nóvember og fækkar um 172. Í lok desember 2021 var þessi fjöldi hins vegar 1.651.

Atvinnugreinar


Atvinnulausum fjölgaði frá nóvember í ýmsum atvinnugreinum t.d. við sjávarútveg og í ýmissi þjónustustarfsemi.

Í sérfræðiþjónustu, upplýsingatækni og útgáfu og í verslun og flutningum fækkaði atvinnulausum hinsvegar lítilsháttar.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 3.243 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok desember. Þessi fjöldi samsvarar um 7,2% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 47% í desember. Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.589 sem er um 49% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar, Lettar og Spánverjar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok des. 2022




Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í desember 2022 gaf Vinnumálastofnun út 303 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 234 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 177 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 126 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í desember, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérstakra ástæðna eða 123 leyfi. Þá voru gefin út 76 sérfræðileyfi og 45 leyfi vegna fjölskyldusameiningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í desember voru flest leyfi gefin út vegna starfa verkafólks eða 33%, 29% vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra og 20% vegna þjónustustarfa. Um 18% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í desember 2022



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 39 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í desember 2022 með samtals 241 starfsmann.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 626 í desember á vegum 20 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 47%, 21% frá Lettlandi og 14% frá

Litháen. Þeir sem eftir standa eða um 18% starfsmanna komu frá 11 öðrum ríkjum.


störf, önnur teljast almenn störf. Um það bil 56% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 16% eru á Norðurlandi eystra og 12% á Suðurlandi. Þá eru 17% annarsstaðar á landinu.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgengið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í desember 2022 voru gefin út 155 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 101 einstaklingur, 15 fóru til Slóvakíu og 12 fóru til Spánar. Þá voru gefin út 27 vottorð til viðbótar til níu annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, desember 2022




■ Pólland ■ Slóvakía ■ Spánn ■ Rúmenía ■ Annað

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun í desember

Alls komu inn 179 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í desember. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 95

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í desember



Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og frumkvöðlastarfi og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í desember voru 367 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 18 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 263 einstaklingar.



Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra